Fullgild rafræn undirskrift
ANNA MARÍA URBANCIC
Kennitala: 260665-5299
2026-05-13 14:00:33 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Ýmis verkefni

## 04 190

# Ársreikningur 2025

## Efnisyfirlit

**Bls.**


Skýrsla og áritun forstöðumanns ............................................................ **2**
Yfirlit um afkomu ársins ........................................................................ **3**
Efnahagsreikningur ................................................................................ **4**
Sjóðstreymisyfirlit .................................................................................. **5**
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ....................................... **6**
Starfsþáttayfirlit ..................................................................................... **7**
Skýringar ................................................................................................ **8**



**Ýmis verkefni**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

**Atvinnuvegaráðuneytið**

**kt. 710812-0120**

**Skúlagata 4, 101 Reykjavík**

# Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ýmis verkefni er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs og er í umsjón Atvinnuvegaráðuneytisins.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 262,4 milljónir og afkoma kr. 155,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 110,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 171,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ýmissa verkefna fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Aðrar ríkistekjur | | 16.320.000 | 0 |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 218.100.000 | 53.000.000 |
| Sala á vöru og þjónustu | | 25.458.155 | 0 |
| Framlög, gjafir og aðrar tekjur | | 2.560.000 | 0 |
| **Tekjur samtals** | | 262.438.155 | 53.000.000 |
| **Gjöld** | | | |
| Tilfærslur | | 26.610.043 | 58.000.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 3 | 80.152.810 | 0 |
| **Gjöld samtals** | | 106.762.853 | 58.000.000 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | 155.675.302 | (5.000.000) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 0 | 0 |
| Fjármagnsgjöld | | (42.533) | 0 |
| Gengishagnaður, nettó gengisáhrif | | 0 | 0 |
| | | (42.533) | 0 |
| **Afkoma ársins** | | 155.632.769 | (5.000.000) |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur | | 42.942.812 | 0 |
| Rekstrartilfærslur | | 112.689.957 | (5.000.000) |
| | | 155.632.769 | (5.000.000) |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Skammtímakröfur | | 100.000 | 100.000 |
| Tengdir aðilar | 4 | 170.945.913 | 14.001.607 |
| **Eignir samtals** | | 171.045.913 | 14.101.607 |
| **Skuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | 5 | 60.624.742 | 19.101.607 |
| **Skuldir samtals** | | 60.624.742 | 19.101.607 |
| **Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals** | | 110.421.171 | (5.000.000) |
| **Eigið fé** | | | |
| Hrein eign | | 110.421.171 | (5.000.000) |
| **Eigið fé samtals** | 6 | 110.421.171 | (5.000.000) |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 171.045.913 | 14.101.607 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins ........................................ | | 155.632.769 | (5.000.000) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| | | 155.632.769 | (5.000.000) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Tengdir aðilar ........................................ | | (156.944.305) | 1.000.000 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir ........................................ | | 41.523.135 | 4.000.000 |
| | | (115.421.170) | 5.000.000 |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 40.211.599 | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Flutt af 16-190 ........................................ | | (45.211.599) | 0 |
| Flutt af 14-190 ........................................ | | 5.000.000 | 0 |
| | | (40.211.599) | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | 0 |
| Handbært fé í byrjun árs ........................................ | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Rekstrar-tilfærslur | Fjárveiting til fjárfestinga | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025 ........................ | 0 | 53.000.000 | 0 | 53.000.000 |
| Fjáraukalög ........................................................................................ | 78.800.000 | 86.300.000 | 0 | 165.100.000 |
| **Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .........................................** | **78.800.000** | **139.300.000** | **0** | **218.100.000** |
| **Fjárveiting ársins ....................................................................................** | **78.800.000** | **139.300.000** | **0** | **218.100.000** |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað) ..................... | (79.674.361) | 34.462.765 | (118.830) | (45.330.426) |
| Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .. | 56.025.324 | (56.144.153) | 118.830 | 1 |
| **Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu ..........................................................** | **55.150.963** | **117.618.612** | **0** | **172.769.575** |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum ............................................... | (35.857.188) | (26.610.043) | 0 | (62.467.231) |
| **Staða fjárveitinga í lok árs 2025 ..............................................................** | **19.293.775** | **91.008.569** | **0** | **110.302.344** |

## Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2025, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

| | Skógræktarfélag Íslands | Fastanefndir | Ýmis viðskipta- og bankamál | Framlög til neytendamála | Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Viðfang** | **131** | **110** | **129** | **163** | **164** | **2025** |
| **Málefnasvið - málaflokkur** | **1710** | **1610** | **1610** | **1610** | **1610** | |
| **Tekjur** | | | | | | |
| Aðrar ríkistekjur | 0 | 0 | 16.320.000 | 0 | 0 | 16.320.000 |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 0 | 13.100.000 | 122.000.000 | 50.700.000 | 32.300.000 | 218.100.000 |
| Sala á vöru og þjónustu | 0 | 0 | 25.458.155 | 0 | 0 | 25.458.155 |
| Framlög, gjafir og aðrar tekjur | 0 | 2.560.000 | 0 | 0 | 0 | 2.560.000 |
| **Tekjur samtals** | 0 | 15.660.000 | 163.778.155 | 50.700.000 | 32.300.000 | 262.438.155 |
| **Gjöld** | | | | | | |
| Tilfærslur | 0 | 0 | 12.860.043 | 13.750.000 | 0 | 26.610.043 |
| Annar rekstrarkostnaður | 0 | 3.630.324 | 69.805.605 | 161.865 | 6.555.016 | 80.152.810 |
| **Gjöld samtals** | 0 | 3.630.324 | 82.665.648 | 13.911.865 | 6.555.016 | 106.762.853 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | 0 | 12.029.676 | 81.112.507 | 36.788.135 | 25.744.984 | 155.675.302 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | | |
| Fjármagnsgjöld | 0 | 0 | (42.533) | 0 | 0 | (42.533) |
| | 0 | 0 | (42.533) | 0 | 0 | (42.533) |
| **Söluhagnaður (-tap) og matsbreytingar eigna** | | | | | | |
| **Afkoma (tap) fyrir hlutdeildartekjur** | 0 | 12.029.676 | 81.069.974 | 36.788.135 | 25.744.984 | 155.632.769 |
| **Afkoma ársins** | **0** | **12.029.676** | **81.069.974** | **36.788.135** | **25.744.984** | **155.632.769** |
| **Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum** | | | | | | |
| Rekstur | 0 | 12.029.676 | 4.530.017 | 638.135 | 25.744.984 | 42.942.812 |
| Rekstrartilfærslur | 0 | 0 | 76.539.957 | 36.150.000 | 0 | 112.689.957 |
| | 0 | 12.029.676 | 81.069.974 | 36.788.135 | 25.744.984 | 155.632.769 |
| **Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:** | | | | | | |
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 53.000.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 53.000.000 |
| Fjáraukalög | (53.000.000) | 13.100.000 | 122.000.000 | 50.700.000 | 32.300.000 | 165.100.000 |
| Fjárveiting til tekna | 0 | 13.100.000 | 122.000.000 | 50.700.000 | 32.300.000 | 218.100.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | 0 | (1.070.324) | (40.930.026) | (13.911.865) | (6.555.016) | (62.467.231) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **0** | **12.029.676** | **81.069.974** | **36.788.135** | **25.744.984** | **155.632.769** |
| Staða fjárveitinga 2024 í lok þess árs | 0 | (23.649.039) | 0 | (21.681.388) | 2 | (45.330.425) |
| **Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum** | | | | | | |
| Rekstur | 0 | (11.619.363) | 4.530.017 | 638.135 | 25.744.986 | 19.293.775 |
| Rekstrartilfærslur | 0 | 0 | 76.539.957 | 14.468.612 | 0 | 91.008.569 |
| | **0** | **(11.619.363)** | **81.069.974** | **15.106.747** | **25.744.986** | **110.302.344** |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Aðrar tekjur**

Aðrar tekjur samanstanda af prófgjöldum endurskoðenda.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.
Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

**Skammtímakröfur**

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Aðrar skuldir**

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

# Skýringar

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfanga, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

**2 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Tekjufærsla fjárveitinga | 218.100.000 | 53.000.000 |
| | 218.100.000 | 53.000.000 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 0 | 53.000.000 | 0 | 53.000.000 |
| Fjáraukalög | 78.800.000 | 86.300.000 | 0 | 165.100.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **78.800.000** | **139.300.000** | **0** | **218.100.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (35.857.188) | (26.610.043) | 0 | (62.467.231) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **42.942.812** | **112.689.957** | **0** | **155.632.769** |

**3 Annar rekstrarkostnaður**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Fundir, námskeið, risna | 600.000 | 0 |
| Ferðir, uppihald | 383.240 | 0 |
| Sérfræðiþjónusta | 78.769.622 | 0 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 97.648 | 0 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 79.850.510 | 0 |
| Afnotagjöld | 302.300 | 0 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 302.300 | 0 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 80.152.810 | 0 |

**4 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 170.945.913 | 14.001.607 |
| | 170.945.913 | 14.001.607 |

**5 Aðrar skuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 45.523.135 | 4.000.000 |
| Aðrar skuldir við erlenda aðila | 15.101.607 | 15.101.607 |
| | 60.624.742 | 19.101.607 |

## Skýringar

**6 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | (5.000.000) | 0 |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | (118.829) | 0 |
| Flutt af 16-190 | (45.092.769) | 0 |
| Flutt af 14-190 | 5.000.000 | 0 |
| Afkoma ársins | 155.632.769 | (5.000.000) |
| Jöfnuður 31.12. | 110.421.171 | (5.000.000) |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.